

Nd.

362. Frumvarp til laga

[139. mál]

um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþing 1954).

1. gr.

Á Keflavíkurflugvelli skal vera lögreglustjóri. Umdæmi Keflavíkurflugvallar miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins.

Ráðherra sá, sem fer með varnarmál, veitir embættið lögfræðingi, sem fullnægir lögmaeltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

2. gr.

Lögreglustjóri hefur á hendi dómarastörf, lögreglustjórn, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og eftir því sem við getur átt önnur þau störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, gegn þeirri þóknun er ákveðin er að lögum.

Lögreglustjórinn tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga, nr. 60 1945.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, skal tekið fram:

Um s. l. áramót tók utanríkisráðuneytið að öllu leyti við afgreiðslu dóms- og lögreglumála á Keflavíkurflugvelli. Var það gert í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, enda ráð fyrir því gert í auglýsingu um skipan og skiptingu starfa ráðherra frá 11. september 1953.

Það varð fljótlega ljóst, að óhjákvæmilegt mundi reynast að skipa á Keflavíkurflugvelli sérstakan lögreglustjóra með dómsvaldi, er starfaði í nánú sambandi við utanríkisráðuneytið og bæri embættisábyrgð gagnvart því. Þar sem fundum Alþingis hafði um miðjan desember verið frestað þar til í febrúarbyrjun 1954, reyndist nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli og voru þau undirrituð af forseta Íslands 19. janúar 1954.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Alþingi staðfesti bráðabirgðalögin um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, en þau eru prentuð sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Utanríkisráðherra hefur tjáð mér, að á meðan varnarliðið dvelst á Keflavíkurflugvelli beri brýna nauðsyn til þess að skipa þar sérstakan lögreglustjóra.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á Keflavíkurflugvelli skal vera lögreglustjóri. Umdæmi Keflavíkurflugvallar miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins.

Ráðherra sá, sem fer með varnarmál, veitir embættið lögfræðingi, sem fullnægir lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

2. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi dómarastörf, lögreglustjórn, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og eftir því sem við getur átt önnur þau störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sinu umdæmi, gegn þeirri þóknun, er ákveðin er að lögum.

Lögreglustjórinn tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga, nr. 60 1945.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. janúar 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.